



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ENSK3YL05

Yndislestur

Kennari:	Kristjana Hrund Bárðardóttir (KHB) kristjanahrund@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á lestri. Megináhersla er lögð á upplifun og skilning og að nemendur lesi sér til ánægju. Nemendur fá bókalista og velja sér fimm verk eftir enskumælandi höfunda. Þeir gera svo grein fyrir skáldsögunum í sérstökum viðtalstímum. Ekki er gert ráð fyrir föstum kennslustundum.

Undanfari: ENSK2OR05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- stjórnmálum, fjölmiðlum og sögu og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun í þeim löndum þar sem tungumálið er talað
- menningu þjóða þar sem tungumálið er talað sem og eigin menningu í alþjóðlegu samhengi
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- hefðum sem eiga við um ritað mál t.d. mismunandi málsnið

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- lesa, sér til ánægju eða upplýsingar, texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð
- nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum
- tjá sig af öryggi um margvísleg málefni
- beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér umræður og rökræður um efni sem hann hefur þekkingu á
- átta sig á mismunandi málsniði og stíl í rituðu máli
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í bókmenntaverkum
- leggja gagnrýnið mat á texta
- beita málinu án meiriháttar vandkvæða til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmennningarleg efni

- flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum
- lýsa skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel
- beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
- skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau vegin og metin
- tjá tilfinningar, nota hugarflugið og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli

Námsefni:

- Bókalisti í Innu

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Verkefni 1 (munnlegt) 27. og 29. janúar
5 - 8	2-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	Verkefni 2 (munnlegt) 17. og 19. febrúar
9 - 12	1-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Verkefni 3 (munnlegt) 10. og 12. mars
13 - 16	7.- 30. apríl	30. mars – 6. apríl páskafrí	Verkefni 4 (skriflegt) 16. apríl
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagur 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Verkefni 5 (munnlegt) 7. og 11. maí

Sérreglur áfangans:

- Skilaskylda er á öllum verkefnum.
- Ef nemandi er með skráð veikindi eða leyfi í Innu þegar hann er skráður í munnlegt verkefni getur hann fengið sjúkraprófstíma, annars er einkunnin 0 gefin fyrir prófið ef nemandi mætir ekki án skýringar.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Bók 1	Book effect - munnlegt verkefni	20%
Bók 2	Valverkefni munnlegt	20%
Bók 3	Valverkefni munnlegt	20%
Bók 4	Written assignment – skriflegt verkefni	20%
Bók 5	Valverkefni munnlegt	20%
Samtals	Nemendur gera 4 munnleg og 1 skriflegt verkefni	100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

FSu, 8. janúar 2026, Kristjana Hrund Bárðardóttir kennari og fagstjóri